

GastriVet Pellets

Lýsing:

Five Star GastriVet Pellets frá NAF er fóðurbætir fyrir hross í formi köggla. Fóðurbætirinn er þróaður til að róa og vernda slímhúð magans og halda henni heilli. Fóðurbætirinn er einnig ætlaður til að styðja við heilbrigða þarmaflóru hestsins. GastriVet Pellets;

- Styður við hin eðlilegu bólguhindrandi ferli líkamans
- Hjálpar til við að viðhalda réttu pH-gildi magans
- Viðheldur heilbrigðri og heilli magaslímhimnu
- Stuðlar að heilbrigðri þarmaflóru

Góð meltingarflóra er mikilvæg til að viðhalda heilbrigðu ónæmiskerfi og gegnir lykilhlutverki við fæðuniðurbrot.

Samsetning:

Grikkjasmárafræ, psyllium fræhyði (duft), Díkalsíum fosfat, Marshmallow lauf, refasmári (þurrkaður við háan hita), repjuolía (hreinsuð), Withania, magnesíumoxíð, lakkrísætur, epli (þurrkað), pektín (úr epli) ger afurðir*, kalsíum karbónat, Brewer's ger, natríum klóríð, mynta, súkrósi, gulrót (þurrkuð), Omicha ber, síkórúrótarinúlin (FOS), rósaraldin skel (e. Rosehip shells), mjólkurpistilfræ, þurrkaðir grænpörungar (Chorella sp.), sveppir (þurrkaðir, ætir), fífillaufblöð, túrmerik, mónóglýseríð af fitusýrum (oleic sýra), engiferrót, ginkó laufblöð, rósmarín, kalsíum karbónat, kalsíumsterat, própýlen glýkól.

*Ger afurðir - MOS (mannan-oligosaccharides), frumuveggur gers og postbiotic ger afurðir.

Aukaefni (per kg)

Innihaldsefni	Skr.nr. aukaefnis	Magn
Amínósýrur		
L-Glútamín	(3c4551)	49.600 mg
Snefilefni		
Sink (Zinc sulphate monohydrate)	(3b605)	973 mg
Vítamín		
Vítamín E	(3a700)	370 IU
Bindiefni		
Bentonít	(1m558i)	298.000 mg
Ýruefni		
Lesitín	(1c322i)	9380 mg
Rotvarnarefni		
Fumarsýra	(1a297)	23,70 mg
Meltingarbætandi gerlar		
Saccharomyces Cerevisiae CNCM 1-4407	(4b1702)	1,24x10 ¹¹ cfu

Greiningarþættir:

Hráprótein	14,6%
Hráfita	5,8%
Hráaska	41,2%
Hrátrefjar	5,8%
Sýru-óleysanleg aska	23,2%
Natríum	0,75%
Kalsíum	2,92%
Fosfór	1,56%

Notkunarleiðbeiningar:

Gefið GastríVet Pellets daglega til að styðja við heilbrigða meltingu hrossa. Gefa skal hærri byrjunarskammt eins og tekið er fram hér að neðan, eða í samráði við dýralækni. Ekki gefa umfram ráðlags dagsskammts. Skömmunarskeið (90ml) tekur u.þ.b. 67g. Þegar að gefin eru 67g á dag endist 2kg fata einu hrossi í u.þ.b. 30 daga.

Byrjunarskammtur (vika 1): 268 g á dag (4 skömmunarskeiðar)

Byrjunarskammtur (vika 2-3): 201 g á dag (3 skömmunarskeiðar)

Viðhaldsskammtur (að staðaldri): 67 g á dag (1 skömmunarskeið)

Geymsla:

Varan geymist í allt að 36 mánuði eftir framleiðsludag. Geymist á köldum og þurrum stað. Setja skal lokið aftur á eftir notkun.

Nettóþyngd: 2 kg